

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kærur út af laga-* **81**
brotum útlendra fiskimanna. — Eptir að ráðgjafinn hafði sent utanríkisráð- **23. maí.**
 gjafanum þær nánari skýringar, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá
 29. janúar f. á., viðvíkjandi skemmdum á æðarfuglavarpi í Melrækkaey á Grundarfirði inn-
 an vesturumdæmis Íslands, er skipverjar af frakknesku fiskiskipi, «Marie Désirée», eru
 sakaðir um að hafa framið haustið 1870, hefir nefndur ráðgjafi skýrt frá, að sendi-
 herra Danakonungs hafi ekki haft neitt upp úr ítrekaðri málaleitan út af þessu við hina
 frakknesku stjórn; hún hafi jafnan vísað honum á bug með það með kurteislegum ummæl-
 um. Utanríkisráðgjafinn hefir þar að auki, um leið og hann sendi skjal það frá hinum
 frakkneska utanríkisráðgjafa til hins danska sendiherra í París, er þessu brjefi fylgir eptir-
 irrit af, meðal annars tekið fram, að sendiherrann hafi út af þessu máli bent á, að sam-
 kvæmt skýrslum þeim, er prófin í málinu hafa inni að halda, og skjal ráðgjafans vísar á,
 virðist frakkneskir sjómenn og Íslendingar hafa þau mök hvorir við aðra, að ástæða sje
 til að ráða hinum íslenzku stjórnarvöldum til að fara varlega í slík mál; og er utanríkis-
 ráðgjafinn líka fyllilega á því. Tjeður ráðgjafi hefir enn fremur bætt því við, að hann hafi
 lengi sjeð það, á því sem komið hafi fyrir erindreka konungs bæði í París og Lundúnum,
 að hinar sifelldu kvartanir út af háttalagi útlendra fiskimanna við Ísland, hvort heldur það
 er út af því, að þeir láti ógreidd lögboðin gjöld, eður út af öðrum lagabrotum, baki hlut-
 aðeigandi stjórnöndum talsverða örðugleika, og þótt sjaldnast hafi að undanfögnu brostið
 góðar undirtektir frá þeirra hálfu, og utanríkisstjórninni hins vegar geti eigi dulizt, að eptir
 því sem til hagar á Íslandi verði aldrei komizt alveg hjá því, að hin danska stjórn megi
 til að láta erindreka sína bera fram kærur út af slíkum málum, hefir ráðgjafinn þó álitnið
 sjer skylt að leggja það til, að ekki sje eptirleiðis verið að koma með áminnstar kærur,
 nema þegar svo stendur á, að svo mikið er varið í málið í sjálfu sjer, að nokkurn veg-
 inn samsvari hinum miklu umsvifum, er fyrir þarf að hafa, eða þar sem til eru svo öflug
 rök við að styðjast, að öll líkindi eru til, að málið hafist fram án mjög stórkostlegrar fyr-
 irhafnar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskiveiðar Færey-* **82**
inga á Austfjörðum. — Í þóknanlegu brjefi frá 2. október f. á. hafið þjer, herra **26. maí.**
 landshöfðingi, skýrt frá, að komið hafi til alþingis bænarskrá úr Norður-Múlasýslu um, að
 íbúar þessarar sýslu, sjer í lagi þeir, er búsettir eru kringum Norðfjörð og Seyðisfjörð,
 yrðu verndaðir gegn því, að Færeyingar tækju þátt í fiskiveiðum á nefndum fjörðum jafnt
 við landsmenn, án þess að greiða nein gjöld í landsþarfir, svo sem helzt til spítalasjóðs-
 ins. Hafi þá þingmaður einn í efri deild þingsins lagt fram frumvarp til laga um bann
 gegn því, að aðrir en Íslendingar stunduðu fiskiveiðar við strendur Íslands innan land-
 helgi; frumvarp þetta hafi samt ekki verið samþykkt; en aptur á móti hafi þingdeildin á-
 lyktað, að vísa máli þessu til stjórnarinnar, í þeirri von, eptir því sem nefnd sú, er
 sett var í málið, kemst að orði á álitsskjali sínu, að spornað yrði við því, bæði að fiski-
 veiðum Íslendinga væri spillt af þeim, er að öðru leyti ekki leita sjer atvinnu hjer á landi,
 og að hinn íslenzki læknasjóður færi á mis við þau gjöld af fiskiafla annara þegna við
 strendur landsins innan landhelgi, sem landsmenn verða sjálfir að greiða. Út af þessu
 hafið þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að þótt það hljóti að vera aðalreglan, eins og

Hinn 4. september 1876.

26. maí. **82** kannast er líka við í ofan nefndu nefndarátliti, að allir danskir þegnar hafi rjett til að stunda fiskiveiðar hvar sem er í landhelgi Danaveldis, og þá líka í landhelgi við Ísland, virðist ekki neitt ísjárvert að gjöra undantekningu frá þessari reglu, þar sem svo hagar til, að það virðist óskilegt; og þar sem fiskimiðin á nokkrum fjörðum landsins sjeu svo þröng, að varla nægi handa þeim er búa í kringum firðina, virðist einkum ástæða til að banna þar fiskiveiðar öllum, sem hafa ekki fastan bústað á Íslandi og greiða ekki hin lögákveðnu gjöld af aflla sínum til hins íslenzka læknasjóðs, og leggja ekkert til nauðsynja landsins og hlutadeigandi sveita; og álitid þjer að þetta eigi heima um Seyðisfjörð og Norðfjörð.

Út af þessu skal til þóknanlegrar leiðbeiningar þjónustusamlega tjáð, að þar sem bæði alþingi og þjer, herra landshöfðingi, hafið sett skyldu þá, er hvílir á Íslendingum til að greiða bæði læknasjóði, eður nú landssjóði, og sveit gjöld af fiskiveiðum sínum, í samband við rjettinn til fiskiveiða í landhelgi Danaveldis við Ísland, fær ráðgjafinn ekki sjeð, að til þessa sje nægileg heimild, með því að gjaldið er greitt af öllum skipum, er gjörð eru út frá Íslandi og leggja þar upp aflla sinn, án tillits til þess, hvort fiskað er innan landhelgi eða utan. Það er því hvorttveggja, að gjöldin hafa ekki verið lögð á fiskiveiðarnar af því, að þær fara fram innan landhelgi, enda getur það atvik, að gjöld til almennra nauðsynja Íslands eru tekin af íbúum landsins, fyrir að stunda fiskiveiðar frá Íslandi og flytja þangað aflann, varla verið næg ástæða til að leggja hin sömu gjöld á aðra þegna ríkisins að eins af því, að þeir stunda fiskiveiðar í landhelgi Danaveldis við Ísland, og hafa þeir fornan rjett til slíkra veiða, er staðfestur hefir verið í hinum íslenzku lögum smbr. augl. 18. ág. 1786 5. gr. og tilsk. 13. júní 1787 1. kap. 1. gr., og verður í þessu tilliti að taka til greina, að þeir eru skattskyldir eptir lögunum þar sem þeir eiga heima, og að þeir jafnaðarlega hvorki flytja aflla sinn í land á Íslandi nje verka hann þar. Hjer við bætist enn fremur, að eptirlitid með innheimtu slíkra gjalda mundi verða hjer um bil ómögulegt, þar sem menn ekki gætu vitað, hve mikið af aflanum hefði fengizt innan landhelgi og hve mikið utan.

Þar sem þjer, herra landshöfðingi, þar að auki hafið álitid, að ástæða gæti verið til að gjöra undantekningu frá hinni almennu reglu um rjett allra danskra þegna til fiskiveiða hvar sem er í landhelgi Danaveldis, þegar svo stæði á, að fiskimiðin á fjörðum Íslands væru svo lítil, að varla dygðu handa þeim, er byggja kringum firðina, þannig að bannað yrði dönskum þegnum, er ekki hefðu fastan bústað á Íslandi og því greiddu ekki gjöld af fiskiveiðum sínum, að stunda fiskiveiðar á þeim fjörðum — verður að athuga, að við þetta væri það óviðkomandi atriði, að hlutadeigendur greiða engin gjöld til Íslands af fiskiveiðum sínum, látið gjöra það að verkum, sem það á ekki að gjöra, eptir því sem á hefir verið bent að framan; þar að auki mundi slíkt bann ríða í bága við jafnrjetti Íslendinga og annara þegna ríkisins til fiskiveiða í landhelgi ríkisins. Enn er þess að geta — og virðist það ríða baggamuninn, — að, ef byggja ætti bannið á þeirri ástæðu, að þeir, er ættu heima kringum fjörðinn, mættu ekki við því að aðrir færðu að fiska þar í kapp við þá, væri ekki nóg til þess að bannið væri samkvæmt tilgangi sínum, að það hamlaði þeim dönsku þegnum, er ekki byggju á Íslandi, frá slíkum fiskiveiðum, heldur yrði það einnig að ná til fiskimanna, er búsettir væru á Íslandi, en ættu heima utanhjeraðs. En þess háttar fullkomin einokun á fiskiveiðunum á fjörðum þessum myndi ríða svo mjög í bága við reglur þær um jafnrjetti allra þegna ríkisins til að stunda fiskiveiðar í landhelgi þess, og um atvinnufrelsi manna, er hingað til hefir fylgt verið, að ráðgjafanum myndi þykja ísjárvert að koma fram með tillögur um þetta, enda hefir alþingi ekkert tilefni gefið til þess. Að minnsta kosti yrði, ef svo sjaldgæf ráðstöfun yrði gjörð, að útvega langt-

um fullkonnari skýringar en komnar eru um það, hvornig sjerstaklega til hagar þar í **82**
fjörðunum. 26. maí

Að því leyti sem þjer, herra landshöfðingi, í ofan nefndu brjefi yðar loksins hafi álitid, að ástæða gæti verið til að láta hafa líkt eptirlit, og það er fyrirskipað er fyrir utanríkismenn með tilskipun frá 12. febrúar 1872, á öllum fiskiskipum, er gjörð eru út frá Danmörku og Færeyjum, svo að sjeð yrði um að breytt væri eptir verzlunar- og gjalda- lögum þeim, er nú eru, — skal ekki undanfelli að taka fram, að mjög fá dönsk fiskiskip munu leita hafna á Íslandi önnur en þau, er kaupmenn, sem þar reka verzlun, eiga, og eru þá vanalega keypt íslenzk sjóleiðarbrjef handa skipunum, er jafnframt eru notuð til verzlunar, enda virðast hin skipin eptir lögum þeim, er nú standa, vera háð eptirliti við- komandi lögreglustjóra, sbr. 62. gr. aukatekjureglug. 10. septbr. 1830; verður því ekki sjeð, að nauðsyn sje á að gjöra neitt í nefnda átt, meðan ekkert kemur fram um, að nefnd skip gjöri sig sek í brotum gegn hinum íslenzku verzlunar- og gjaldaögum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breytingu á kirkju- sóknarskipun.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingji, frá 26. apríl þ. á. meðtók ráðgjafinn yfirlýsingu stiptyfirvaldanna um bóunarbrjef með fylgiskjali, þar sem bændurnir á fjörðunum Reykjum, Orrastöðum og Hamrakoti í Þingeyrasókn í Húnavatns- sýslu innan norður- og austurumdæmis Íslands, beiðast þess, að bæir þessir megi verða lagðir til Auðkúlusóknar í sömu sýslu, þar eð þeir með því gætu fengið betri og styttri kirkjuveg en þann, er þeir nú hafa til sóknarkirkju sinnar á Þingeyrum. **83**
3. júlí.

Jafnframt því að senda nefnt bóunarbrjef, hafið þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að þar eð kirkjueigandinn beinlínis hefði mælt á móti hinum umbeðna aðskilnaði, er hlut- aðeigandi sóknarprestur einnig hefir talið úr, er það, hvort veita skuli það sem sólt hefir verið um, komið undir því, hvort nauðsynlegt er til að fullnægja kirkjubörfum beiðend- anna að gjöra breytingar þær, er farið hefir verið fram á, gegn endurgjaldi til hlutad- eigandi kirkjueiganda og sóknarprests fyrir það, sem þeir missa í af tekjum sínum, ef til þess kæmi. Að yðar dómi, herra landshöfðingi, er samt ekki um slíka nauðsyn að tesla í þessu efni, og hafið þjer því eigi getað mælt með því, að beiðnin verði veitt; því að þótt kirkjuvegur beiðandanna mundi eptir því, sem komið hefir fram í málinu, verða nokkru hægri, ef þeir ættu að sækja prest og kirkju að Auðkúlu heldur en að Steinnesi og Þing- eyrum, eins og þeir nú gjöra, þá sje kirkjuleið sú, er þeir nú eiga að fara, hvorki meðal lengstu nje örðugustu kirkjuvega á Íslandi, og þótt stundum sje illt að komast yfir Húna- vatn, kveður þó ekki svo mikið að því, að kalla megi það mikla torfæru eða ófært, eptir því sem menn eiga að venjast á Íslandi, og mundi auk þess sú torfæra hverfa, ef fenginn væri ferjubátur (á vatnið) eða aukavegur lagður yfir Stóru-Giljärengjar, en til þess virðist hreppsnefndinni í Torfalækjarhreppi skylt að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir, því að varla sje efunarmál, að sýslunefndin muni samkvæmt 5. gr. laganna frá 15. oktr. f. á. um vegina á Íslandi úrskurða, að tjeður vegur, sem er kirkjuvegur fyrir 9 bæi af 20 í hreppu- um, skuli vera almennur hreppsvegur.

Fyrir því skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- ingar, að ráðgjafanum eptir framangreindum málavöxtum og því, sem að öðru leyti hefir komið fram í málinu, ekki finnst nægileg ástæða til að taka beiðni þá til greina, er hjer ræðir um.